



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Ársskýrsla Náttúrustofu Austurlands 2006



Texti:

Erlín Emma Jóhannsdóttir, Halldór Walter Stefánsson, Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson

Ljósmyndir:

Erlín Emma Jóhannsdóttir, Kristín Ágústsdóttir, Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Hlutverk.....	1
Starfsstöðvar	1
Stjórn.....	2
Störf stjórnar	2
Starfsfólk	2
Verkefni	3
Hreindýrarannsóknir og vöktun	3
Vöktun stofnsins	4
Veiðikvóti.....	5
Umhverfisstofnun, Hreindýraráð og ráðuneyti	5
Úrvinnsla eldri gagna og heimildasöfnun	5
Erlent samstarf	6
Fuglarannsóknir	6
Gróðurrannsóknir	6
Umhverfismál sveitarfélaga	7
Friðlýst svæði	7
Fólkvangur Norðfjarðar.....	7
Hólmanes, fólkvangur og friðland.....	7
Fræðslustarfsemi.....	8
Náttúrugripasafnið	8
Náttúruskóli	8
Blómadagur.....	9
Fræðslufundur um ref og mink.....	9
Fugladagurinn	9
Skólar	9
Heimasíða.....	10
Verkefni sem stöðugt er unnið að.....	10
Samstarf við aðrar stofnanir	10
Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun.....	10
Aðrar náttúrustofur	10
Búland	11
Umhverfisnefnd Fjarðabyggðar.....	11
Þakkarorð	12
Skýrslur og fræðslufni	13

Inngangur

Starfsemi Náttúrustofunnar var með svipuðu móti 2006 og undanfarin ár. Þó hefur verkefnum fjölgað og hafa starfsmenn Náttúrustofunnar aldrei verið jafn margir.

Náttúrustofu Austurlands er, eins og öðrum náttúrustofum ætlað mjög fjölbreytilegt og viðamikla hlutverk. Náttúrustofan tekur nú þegar að sér margvísleg verkefni sem flest stuðla að því að byggja upp sérþekkingu á náttúru Austurlands og efla þannig grundvöll starfseminnar til frambúðar. Umhverfissvöktun vegna stóriðjuframkvæmda hefur skipað stóran sess í starfsemi stofunnar síðastliðin ár.

Hér fer á eftir yfirlit yfir helstu þætti starfsemi Náttúrustofu Austurlands árið 2006. Ársreikningur Náttúrustofu Austurlands er birtur í sérstakri skýrslu.

Hlutverk

Helstu hlutverk Náttúrustofunnar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (60/1992) með síðari breytingum eru:

- að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúruannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
- að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
- að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf,
- að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um náttúruvöktun að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila, að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar.



Í Kringilsárrana

Ennfremur er hlutverk Náttúrustofu Austurlands skv. lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (nr. 64/1994) að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum.

Starfsstöðvar

Eins og undanfarin ár er Náttúrustofa Austurlands með höfuðstöðvar í Neskaupstað en útibú er á Egilsstöðum. Forstöðumaður er í Neskaupstað og þar er rannsóknastofa og bókasafn stofunnar. Í Neskaupstað er Náttúrustofan til húsa að Mýrargötu 10 í fræðasetrinu Búland, sem er sambýli Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Verkmenntaskóla Austurlands og Fiskistofu. Útibúið á Egilsstöðum er að Miðvangi 2, í húsnaði Skógræktar ríkisins.

Eins og undanfarin ár snýst starfsemin á Egilsstöðum fyrst og fremst um hreindýr en einnig er unnið þar að fuglarannsóknum og fræðsluverkefnum. Í Neskaupstað er unnið að margvíslegum verkefnum svo sem gróðurannsóknum, fuglarannsóknum, kortagerð, umhverfisvöktun fyrir álverið á Reyðarfirði, fræðsluverkefnum, umsjón með Náttúrugripasafninu í Neskaupstað, fólkvöngum í Fjarðabyggð o.fl.

Stjórn

Samkvæmt lögum skal rekstrarsveitarfélag skipa þriggja manna stjórn náttúrustofunnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Núverandi stjórn var skipuð sumarið 2002 af Fjarðabyggð og í henni sitja: Líneik Anna Sævarsdóttir formaður, Einar Már Sigurðarson og Arnbjörg Sveinsdóttir. Varamenn eru Einar Þórarinnsson, Hákon Viðarsson og Böðvar Þórisson.

Störf stjórnar

Á árinu 2006 voru haldnir 3 stjórnarfundir. Fundargerðir voru lagðar fram jafn óðum á fundum bæjarstjórnar Fjarðabyggðar eins og verið hefur frá upphafi. Helstu mál sem fjallað var um árið 2006 voru:

- Launamál
- Fjárhagsáætlun
- Ársreikningur
- Starfsemi
- Húsnæðismál
- Vaxtarsamningur Austurlands
- Aðild fleiri sveitarfélaga að rekstri stofunnar

Milli stjórnarfunda ber forstöðumaður gjarnan álitamál undir formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir atvikum og fær hjá þeim upplýsingar og ráðgjöf.

Starfsfólk

Árið 2006 voru 8 starfsmenn að störfum í mismunandi starfshlutföllum, auk sumarstarfsmanns og tímabundinna aðstoðarmanna. Á stofunni starfa sérhæfðir einstaklingar ábyrgir fyrir mismunandi þáttum starfseminnar. Engu að síður ganga allir í þau verk sem vinna þarf hverju sinni ef svo ber undir. Starfsfólk Náttúrustofu Austurlands árið 2006 voru:

Guðrún Á. Jónsdóttir gróðurvistfræðingur. Guðrún var í fullu starfi allt árið. Guðrún er forstöðumaður og sér um daglegan rekstur, fjármálastjórn, starfsmannamál, áætlanagerð, verksamninga og gróðurannsóknir.

Kristín Ágústsdóttir landfræðingur. Kristín var í um 90% starfi allt árið. Helstu verkefni Kristínar voru gróðurkortagerð, verkefnisstjórn vegna rannsókna og vöktunar við álverið á Reyðarfirði, endurskoðun og vinna við gerð 2. útgáfu af Staðardagskrá 21.

Erlín Emma Jóbansdóttir líffræðingur. Erlín Emma var í fullu starfi yfir mesta annátíma ársins en í lægra starfshlutfalli nokkra vetrarmánuði vegna vinnu við mastersverkefni

og fæðingarorlofs. Helstu verkefni hennar voru umsjón með Náttúrugripasafninu í Neskaupstað og fræðsluverkefnum, svo sem náttúrufræðinámskeiðum fyrir krakka. Jafnframt vann hún að gróðurrannsóknnum, rannsóknnum vegna vöktunar álvers á Reyðarfirði og verkefnum á sviði vatnalíffræði.

Rán Þórarinsdóttir líffræðingur. Rán var í 50% starfi megnið af árinu. Megin verkefni hennar voru vöktun og rannsóknir á hreindýrum. Þar með talið áætlanagerð, samskipti við stofnanir og einstaklinga sem tengjast hreindýrum.

Halldór Walter Stefánsson fuglaáhugamaður. Halldór Walter var í um 50 % starfi árið 2006. Hann vann einkum að fuglarannsóknnum víða á Héraði. Ýmist að samstarfsverkefnum sem stýrt er af Náttúrufræðistofnun Íslands eða verkefnum á vegum Náttúrustofunnar sjálfar.

Skarphéðinn G. Þórisson líffræðingur. Kom aftur til starfa 1. ágúst úr leyfi og var hann í fullu starfi frá því hann kom úr leyfi. Megin verkefni hans voru vöktun og rannsóknir á hreindýrum.

Gerður Guðmundsdóttir plöntuvistfræðingur var ráðin til stofunnar haustið 2006. Hún var í 60% starfi og voru megin verkefni hennar gróðurrannsóknir auk rannsókna vegna vöktunar álvers á Reyðarfirði.

Áslaug Lárusdóttir var ráðin til stofunnar 2006. Hún er skrifstofustjóri og sér um ýmislegt sem tengist rekstri hennar gagnainnslátt, bókasafnsmál, heimasíðu og tölvumál.

Eyrín Gígia Káradóttir líffræðinemi starfaði á Náttúrustofunni á tímabilinu júní til ágúst 2006. Megin verkefni hennar fólst í sýnasöfnun vegna umhverfisvöktunar álversins á Reyðarfirði.

Fleiri lögðu fram vinnu í þágu verkefna Náttúrustofunnar á árinu. Má þar nefna *Reimar Ásgeirsson* sem tók þátt í mörgum vettvangsferðum vegna hreindýrarannsókna og *Hörð Kristínsson* sem greindi fléttur úr reitum á Reyðarfirði.

Bókhald og endurskoðun Náttúrustofunnar hefur undanfarin ár verið í höndum Deloitte & Touche. Þær *Ína D. Gísladóttir* og *Þuríður Jónsdóttir* hafa haft mestan veg og vanda af þeirri vinnu.



Verkefni

Hreindýrarannsóknir og vöktun

Verkefnum vegna hreindýra má skipta í eftirfarandi:

- vöktun stofnsins
 - dreifing/hagaganga á öllum árstímum
 - vetrartalning í mars
 - frjósemi og dánartíðni í apríl
 - burðarathugun í maí
 - sumartalning í júlí
 - aldurs- og kynjasamsetning á fengitíma
- mat á ágangi hreindýra á einstakar jarðir á Austurlandi
- gerð tillagna um veiðikvóta, ágangssvæði og skynsamlegan framgang veiðanna.
- fræðslu og söfnun heimilda um hreindýr á Íslandi

Vöktun stofnsins

Dreifing hreindýra á öllum árstímum

Upplýsingar um fjölda og dreifingu hreindýra á öllum árstímum er ein meginforsenda fyrir ráðgjöf um veiðipól og aðal forsenda arðsúthlutunar. Náttúrustofan skipuleggur tvær aðaltalningar á ári, vetrartalningu í mars á öllu Austurlandi og talningu í júlíbyrjun á Snæfellsöræfum. Í árum þar sem vetrartalning er ekki framkvæmanleg vegna veðurfars og færðar er reynt að auka áherslu á aðrar talningar.

Auk talninga er stöðug skráning í gangi allt árið á ferðum og dreifingu hreindýra í samvinnu við heimamenn. Útbreiðslusvæði hreindýra á Austurlandi er skipt upp í níu veiðisvæði.

Ekki var talið veturinn 2006 vegna óhagstæðra snjóalaga.

Í sumartalningu á Snæfellsöræfum 2006 fundust 2934 dýr og voru þau flest á Fljótsdalsheiði.

Árið 2006 var talið í júlíbyrjun á Suðausturlandi, svæðum 7, 8 og 9 og fundust 670 dýr, flest á svæði 8..



Aldurs- og kynjahlutföll, frjósemi og dánartíðni

Einungis er hægt að sjá aldurs- og kynjahlutfall í hreindýrastofninum á fengitíma. Austurlandi er skipt niður í níu veiðisvæði og er nauðsynlegt að skoða kynjahlutfallið á sem flestum svæðum. Niðurstöður þessara athugana eru forsendur úthlutunar veiðikvóta með tilliti til kyns. Stefnt er að því að hlutfallið sé svipað og gerist í stofnum sem ekki er veitt úr eða um 50% kýr, 30% tarfar og 20% kálfar að hausti.

Árið 2006 voru 2192 hreindýr á veiðisvæðum 1 til 5 aldurs- og kyngreind. Talningarnar gáfu góða mynd af dreifingu dýranna á þessum árstíma.

Í apríl er hægt að meta hlutfall kelfdra kúa í stofninum með því að telja fjölda kúa sem ennþá eru hyrndar. Þessar talningar veita upplýsingar um frjósemi í stofninum. Þar sem hún getur verið breytileg eftir svæðum er æskilegt að telja sem víðast. Í apríl 2006 voru 443 kýr á Fljótsdalsheiði og þar af voru 79 kollóttar. Miðað við að um 4% kúnna séu kollóttar að eðlisfari var frjósemishlutfallið um 86%.

Hlutfall kálfa í stofninum er athugað á öllum árstímum. Niðurstöður segja til um nýliðun og dánartíðni.

Burður hreinkúa var kannaður á Snæfellsöræfum í maí 2006. Reynt er að kortleggja hvar kýrnar bera og á hvaða tíma. Einnig er reynt að halda utan um aðra þætti svo sem veðurfar og árferði.

Náttúruleg dánartíðni hefur verið lítil í stofninum síðustu árin, helst að tarfar finnast dauðir eftir atgang á fengitíma. Því miður hefur aukist mjög að hreindýr verði fyrir bílum en Náttúrustofan hefur verið í samstarfi við Vegagerð ríkisins við að reyna að draga úr þeim. Árið 2006 voru bókfærð 13 hreindýr sem lentu fyrir ökutækjum.

Upplýsingum safnað úr veiðinni

Nauðsynlegt er að safna upplýsingum úr veiðinni til að fylgjast með líkamlegu ástandi hreindýranna, einkum nú er ýmsar athafnir manna þrengja að dýrunum. Veiðimenn skila inn upplýsingum sem Náttúrustofan vinnur úr. Einnig skila þeir inn kjálkum sem nýtast m.a. við aldursgreiningu.

Veidikvóti

Náttúrustofa Austurlands vinnur tillögur að veiðikvóta fyrir Hreindýraráð. Kvótinn er gefinn út í desember fyrir veiðitímabil næsta árs. Náttúrustofan lagði til að kvótinn yrði 909 dýr árið 2006. Er það í samræmi við áætlaða fjöglun sem orðið hefur í stofninum á síðustu árum. Kvótinn miðast við að draga úr fjölgun dýranna og fækka þeim á Fljótsdalsheiði.

Umhverfisstofnun, Hreindýraráð og ráðuneyti

Umhverfisstofnun sér um allt er lýtur að nýtingu hreindýranna. Náttúrustofan er í góðu samstarfi við Jóhann G. Gunnarsson sem fer með þessi mál fyrir Umhverfisstofnun.

Fulltrúi Náttúrustofu Austurlands situr fundi Hreindýraráðs. Umhverfisstofnun skiptir arði af hreindýraveiðum á milli landeigenda og ábúenda á Austurlandi. Arðskiptingin fer að stórum hluta (60%) eftir ágangi hreindýra og er það hlutverk Náttúrustofunnar að meta hann.

Úrvinnsla eldri gagna og heimildasöfnun

Enn á eftir að vinna úr ýmsum upplýsingum sem safnast hafa um hreindýrastofninn, einkum síðustu 30 árin. Stöðugt er unnið að því að safna saman og koma fyrir á aðgengilegan máta öllu sem skrifað er og hefur verið skrifað um hreindýr á Íslandi.

Erlent samstarf

Reynt er að fylgjast með niðurstöðum hreindýrarannsókna annars staðar á norðurhveli. Æskilegt væri að efla samstarf og samskipti Náttúrustofu Austurlands við erlenda hreindýrasérfræðinga ekki síst við Norræna hreindýraráðið (Nodrisk organ för rennforskning).

Fuglarannsóknir

Helstu fuglarannsóknir sem Náttúrustofan kom að á árinu 2006 voru eftirfarandi:

- Talning kafanda á völdum stöðum á Lagarfljóti með áherslu á hávellu. Verkefnið er í umsjón Náttúrufræðistofnunar Íslands.
- Talning og kortlagning skúmavarps á Úthéraði. Verkefnið er í umsjón Náttúrufræðistofnunar Íslands.
- Úttekt á fuglalífi á veglínunum frá Oddsgili í Vesturárdal yfir Hofsháls að Teigi í Hofsárdal í Vopnafirði. Unnin í júní 2006 að beiðni Vegagerðarinnar.
- Aðstoð við álftra-merkingar í Jökuldalsheiði síðsumars 2006 en breskir vísindamenn á vegum WWT merkja álftrir á Íslandi árlega.

Gróðurannsóknir

Rannsóknir á gróðurfari og gróðurkortlagning hefur verið eitt af megin viðfangsefnum Náttúrustofu Austurlands undanfarin ár. Hefur þar bæði verið um almenna gagnasöfnun að ræða en einkum þjónustuverkefni fyrir ýmsa aðila. Árið 2006 var unnið að nokkrum verkefnum á þessu sviði.

Sumarið 2006 var gerð úttekt á gróðurfari á mögulegum vegarstæðum á Norðausturvegi, svokallaðri millidalaleið, sem liggur frá Oddsgili í Vesturárdal yfir Hofsháls að þjóðvegi við Teigará í Hofsárdal. Verkið var unnið að beiðni Vegagerðarinnar.



Rannsóknir á gróðurfari í Oddsgili í Vesturárdal

Grunnrannsóknir á gróðri í Kringilsárrana fóru fram sumarið 2006. Markmið rannsóknarinnar er að kanna ástand gróðurs í Kringilsárrana og koma upp kerfi til að vakta hugsanlegar gróðurbreytingar þar. Áætlað er að endurtaka mælingarnar á ákveðnu árabili. Niðurstöður úr endurteknum mælingum verða síðan bornar saman við niðurstöður mælinga sumarið 2006.

Umhverfisvöktun á Reyðarfirði

Haustið 2004 gerði Náttúrustofan samning við Bechtel til 5 ára um vöktun gróðurs á Reyðarfirði. Verkefnið er unnið með ráðgjöf frá prófessor Alan Davison frá School of Biology við Newcastle Háskóla á Englandi og Leonard H. Weinstein frá Boyce Thompson Institute for Plant Research við Cornell Háskóla í Ithaca í Bandaríkjunum.



Guðrún Á. Jónsdóttir og Hörður Kristinsson

Vöktun gróðurs og annarra umhverfisþátta á Reyðarfirði var haldið áfram árið 2006. Vatni var safnað á þriggja mánaða fresti og snjó var safnað tvisvar sinnum yfir árið ný föllnum snjó og svo gömlum snjó. Farið var í 150 gróðurreiti og safnað bláberjalaufum og jarðvegssýnum. Einnig var sýnum safnað af mosa og fléttum. Hörður Kristinsson frá Náttúrufræðistofnun Akureyrarseturs var fenginn til að greina fléttur og mosa í gróðurreitunum.

Ástand gróðurs var metið sjónrænt, bæði í gróðurreitum og þorpínu á Reyðarfirði. Myndir af 50 fléttureitum voru teknar. Sýnum af fóðri, þ.e. heyi og fóðurbæti, var einnig safnað af nálægum bóndabæjum auk þess sem farið var í fjörur og safnað sýnum af þara sem sauðfé leggur sér til munnis. Um haustið var hausum af sauðféi safnað til efnagreininga. Hausarnir voru soðnir og kjálkabeinin send til efnagreiningar.

Umhverfismál sveitarfélaga

Frá vorinu 1999 hefur Náttúrustofa Austurlands unnið að verkefnum tengdum Staðardagskrá 21 fyrir Fjarðabyggð. Náttúrustofan hefur m.a. það hlutverk að sjá nefnd um Staðardagskrá 21 í Fjarðabyggð fyrir starfsmanni í um 5% starfi sem útfærir og sinnir verkum í samræmi við óskir nefndarinnar.

Friðlýst svæði

Fólkvangur Norðfjarðar

Náttúrustofan hefur fyrir hönd Fjarðabyggðar séð um eftirlit og gert tillögur um úrbætur í Fólkvangi Neskaupstaðar. Mælt var út fyrir nýjum stiga niður í Páskahellinn. Vélsmiðja Guðmundar Skúlasonar smíðar stigann. Einnig var skipt út skiltum sem voru upplitið eða skemmd.

Hólmanes, fólkvangur og friðland

Farið var í leiðangur út í Hólmanes og skilti endurnýjuð þar sem sum voru orðin léleg. Endurbætur voru gerðar á göngustígum út í Hólmanes. Veraldarvinir tóku þá vinnu að sér.

Fræðslustarfsemi

Náttúrugripasafnið

Starfsemi og rekstur

Náttúrustofa Austurlands sér um sýningar og viðhald safngripa í Náttúrugripasafninu skv. samningi við Fjarðabyggð sem á og rekur safnið.

Sumarið 2006 var safnið lokað vegna flutninga í nýtt húsnæði en safnið var flutt á efstu hæð Hafnarhússins þar sem Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar og málverkasafn Tryggva Ólafssonar eru til húsa. Þar sem um mikla framkvæmd var að ræða náðist ekki að klára flutninginn fyrir sumaropnun 2006 og því ákveðið að hafa lokað.

Sýningar og safngripir

Náttúrugripasafnið fékk styrk úr Safnasjóði árið 2006 til að stoppa upp fugla. Stökkönd, rjúpa og kría voru meðal þeirra fugla sem urðu fyrir valinu að þessu sinni. Að venju bærust safninu einnig nokkrir gripir að gjöf og má sem dæmi nefna svartan svan.

Húsnæði

Nú er safnið staðsett að Egilsbraut 2, í gamla Hafnarhúsinu í miðbæ Neskaupstaðar. Vonir eru bundnar við að það verði farsæl staðsetning.



Í fjörunni á Mjóeyri

Náttúruskóli

Eins og árið 2005 hélt Náttúrustofan náttúrufræðinámskeið fyrir krakka á aldrinum 8-10 ára. Nú voru haldin 2 námskeið á Norðfirði og á Eskifirði. Á Norðfirði var námskeiðið haldið í húsakynnum Náttúrustofunnar en á Eskifirði var það haldið í grunnskólanum. Fullt var á bæði námskeiðin og komust færri að en vildu. Námskeiðin voru með svipuðu móti og árið áður. Markmiðið var að kynna fyrir krökkunum fjölbreytt lífríki íslenskrar

náttúru. Farið var í nokkrar vettvangsferðir, m.a. í Hólatjarnir, niður í fjöru, í skógrækt ofan bæjarins í Neskaupstað og í fólkvang Neskaupstaðar. Plöntur og dýr voru skoðuð og velt fyrir sér búsvæðum þeirra og lifnaðarháttum.

Á Eskifirði var m.a. farið í fjöruna á Mjóeyri, í Helgustaðanámu o.fl. Allir fengu viðurkenningarskjal að þátttöku lokinni.

Blómadagur

Dagur hinna villtu blóma hefur verið haldinn nokkur undanfarin ár á öllum Norðurlöndunum. Náttúrustofan hefur tekið að sér að vera með leiðsögn á þessum degi. Í ár bar hann upp á sunnudaginn 18. júní og mætti einn.

Fræðslufundur um ref og mink



Í október hélt Náttúrustofan fræðslufund um ref og mink. Framsögumenn voru þeir Róbert Stefánsson forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands, Páll Hersteinsson prófessor við Háskóla Íslands og Aðalsteinn Aðalsteinsson bóndi og veiðimaður. Fundurinn var haldinn í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði. Erindi Páls fjallaði um uppruna íslenska refsins og aðlögun hans að aðstæðum á Íslandi. Erindi Róberts fjallaði um líffræði minks og minkarannsóknir. Að lokum sagði Aðalsteinn refaveiðisögur.

Fræðslufundurinn heppnaðist vel og mættu 24. Boðið var upp á kaffi og með því og spunnust miklar umræður í kringum fyrirlestrana.

Fugladagurinn

Ferðafélag fjarðamanna og Náttúrustofa Austurlands efndu til árlegrar fuglaskoðunar á Reyðarfirði og Norðfirði 6. maí. Skoðun fór fram á leirum í botni fjarðanna og næsta nágrenni. Starfsmenn Náttúrustofu Austurlands fræddu viðstadda um fuglalífið, Halldór Walter Stefánsson á Reyðarfirði og Rán Þórarinsdóttir á Norðfirði. Veður var gott og mæting eftir því. Þátttakendur voru á öllum aldri og virðist skoðunin vera orðinn fastur liður hjá mörgum. Hægt er að kynna sér nánar þessa árlegu fuglaskoðun á heimasíðum beggja aðila.



Skólar

Árlega kemur 10. bekkur Nesskóla í starfskynningu á Náttúrustofuna og vinnur að margvíslegum verkefnum. Sett var af stað rannsóknaverkefni tengt vatnalífríki sem nemendur vinna að. Markmið verkefnis er að kanna tegundafjölbreytileika og þéttleika smádyra í bæjarlækjum á Norðfirði. Nemendur Verkmenntaskóla Austurlands leita talsvert til stofunnar vegna ýmiss konar verkefna. Einnig hefur starfsfólk Náttúrustofunnar aðstoðað við kennslu og námsmat í sumaráfanga um íslensku flóruna þar sem nemendur safna 100 plöntutegundum og greina.

Heimasíða

Heimasíða Náttúrustofu Austurlands (www.na.is) hélt áfram göngu sinni á árinu 2006. Fréttahornið var fremur líflítið og ekki vannst tími til að endurskipuleggja síðuna sem þó er orðin þörf á. Frá því í árslok 2003 hafa nánast allar skýrslur Náttúrustofunnar verið aðgengilegar á vefnum.

Verkefni sem stöðugt er unnið að

Söfnun heimilda og gagna um náttúru Austurlands er verkefni sem stöðugt er unnið að. Bókasafn Náttúrustofunnar er enn lítið og vanbúið en vex þó árlega um nokkur eintök. Fyrirhugað að skrá safnið í gagnagrunn á næstu árum svo það verði aðgengilegt almenningi.

Talsvert er um fyrirspurnir og heimsóknir almennings á Náttúrustofuna með skordýr, steina, plöntur eða aðra náttúrugripa. Starfsfólk stofunnar tekur fúslega við öllum slíkum erindum og lætur einskis ófreistað til að greiða úr þeim. Náttúrugripir sem starfsfólk getur ekki greint er komið til annarra sérfræðinga. Þeir sem koma með gripa geta að sjálfsgöðu fengið þá aftur þegar þeir hafa verið greindir en annars tekur Náttúrustofan fúslega við a.m.k. því sem á einhvern hátt telst sérstætt fyrir Austurland.

Náttúrustofan sinnir einnig ýmiskonar ráðgjöf til fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Þetta er í ýmsu formi t.d. óformleg símtöl, viðræður, minnisblöð eða jafnvel lengri álitsgerðir. Einnig er oft leitað eftir umsögnum um frumvörp, þingsályktunartillögur eða mál sem til umfjöllunar eru hjá ýmsum stofnunum.

Samstarf við aðrar stofnanir

Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur starfa samkvæmt sömu lögum og skal m.a. boða forstöðumenn náttúrustofa til ársfundar Náttúrufræðistofnunar til að greina frá niðurstöðum rannsókna og samræma starfseminna. Slíkur fundur var haldinn í Reykjavík í október 2006. Náttúrustofa Austurlands leitar oft til sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar Íslands með ýmsar fyrirspurnir, greiningar náttúrugripa og ráðgjöf af ýmsu tagi.

Mikið og virkt samstarf er við veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar vegna hreindýraverkefna.

Aðrar náttúrustofur

Alls hafa sjö náttúrustofur tekið til starfa víðs vegar um landið. Samstarf þessara stofa hefur verið að þróast smám saman eftir því sem fleiri hafa bæst í hópinn og starfsemi þeirra eflst. Vorið 2002 stofnuðu náttúrustofurnar formleg samstarfssamtök undir yfirskriftinni Samtök náttúrustofa (SNS). Markmið samtakanna er að vera vettvangur faglegs samstarfs um rannsóknir, auka tengsl náttúrustofa við innlendar og erlendar fagstofnanir og skiptast á skoðunum.



Frá ársþingi náttúrustofa

Þann 30. september 2006 var haldið annað ársþing Samtaka náttúrustofa. Þingið sem er haldið í tengslum við ársfund samtakanna var að þessu sinni haldið á Bakkflöt í Skagafirði, í umsjón Náttúrustofu Norðurlands vestra og tókst þingið í alla staði vel. Fjöldi áhugaverðra erinda voru flutt og góðar umræður voru um starfsemi og framtíð stofanna. Í tengslum við þingið og ársfund samtakanna eru einnig haldnir samráðsfundir starfsmanna, forstöðumanna og stjórnarmanna stofanna þar sem rædd eru sameiginleg málefni stofanna og framtíðaráform.

Búland

Þegar Náttúrustofan og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fluttu í húsnæði Verkmenntaskóla Austurlands vorið 1999 varð til vísir að fræðasetri sem hefur síðan verið að þróast. Árið 2003 var ákveðið að nefna þetta fræðasetur Búland. Tveir fagnaðir voru haldnir á vegum Búlands; Mexikókvöld og jólahlaðborð. Aðalfundur var haldinn í safnaðarheimilinu.



Umhverfisnefnd Fjarðabyggðar

Umhverfisnefnd Fjarðabyggðar leitar álits Náttúrustofunnar á ýmsum álitamálum og formaður nefndarinnar hefur fundað með starfsfólki Náttúrustofunnar nokkrum sinnum á árinu. Helstu málefni til umfjöllunar voru fólkvangar, friðlýsing Gerpissvæðisins og ýmis umhverfis og náttúruverndarmál sem tengjast framkvæmdum.

Þakkarorð

Margir lögðu Náttúrustofunni lið við rannsóknir 2006. Náttúrustofan og einkum Egilsstaðaútibú átti enn fremur afar ánægjulegt samstarf við Jóhann Guttorm Gunnarsson starfsmann Umhverfisstofnunar svo og Hreindýraráð og sér í lagi Hákon Hansson formann þess. Ýmsir lögðu stofunni lið við hreindýrarannsóknir en helst ber að nefna Reimar Ásgeirsson, Svein Ingimarsson og Sævar Guðjónsson. Flugmenn í flugtalningum voru Sveinn Ingimarsson, Jón Egill Sveinsson og Halldór Bergsson. Margir leiðsögumenn með hreindýraveiðum og aðrir veittu Náttúrustofunni upplýsingar um hagagöngu hreindýra. Öllum sem lögðu stofunni lið er hér með þakkað kærlega fyrir.

Hálf dán Haraldsson, Helgi Hallgrímsson og Hjörleifur Guttormsson voru sem fyrr velgjörðamenn og sérstakir velunnarar stofunnar..

Skýrslur og fræðsluefni

Árið 2006 komu eftirfarandi skýrslur út:

Tillaga Náttúrustofu Austurlands um ágangssvæði og veiðikvóta 2007

Kortlagning burðarsvæða hreindýra á áhrifasvæðum Kárahnjúkavirkjunar vorið 2006

70. Glúmsstaðadalsá. Niðurstöður vöktunar 2006 á áhrif vatnsrennslis, bergsalla og sets úr borgöngum á smádýralíf. Neskaupstaður, september 2006

69. Gróðurfar og fuglalíf á fyrirhuguðum vegarstæðum milli Oddsgils og Teigs í Vopnafirði. Neskaupstaður, september 2006

68. Yfirlit um Staðardagskrá 21 í Fjarðabyggð. Neskaupstaður, maí 2006

67. Lífríki á efnistökusvæði í Eyvindará. Neskaupstaður, febrúar 2006

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Mýrargötu 10 • 740 Fjarðabyggð • Sími 477-1774 • Fax 477-1923 • Netfang: na@na.is
Miðvangi 2 • 700 Egilsstaðir • Sími: 471-2813 • Netfang: skarphedinn@na.is